

Náttúrufræðistofnun Íslands  
b/t Kristján Jónasson  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær

Reykjavík 2. júlí 2019  
UST201906-061/H.V.  
09.05.01

### **Efni: Fararleyfi til Surtseyjar- jarðfræðileiðangur 2019**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Kristjáns Jónassonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 5. júní 2019, um fararleyfi til Surtseyjar 18.-22. júlí 2019.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim.

#### **Lýsing verkefnis:**

Um er að ræða ferð á vegum Surtseyjarfélagsins til jarðfræði- og örverurannsókna í Surtsey. Í ferðinni verður unnið að hita- og þrýstingsmælingum í borholum frá 1979 og 2017, endurheimt sýna í borholu SE-02b, söfnun vatnssýna í borholum, kortlagningu með dróna, mælingum á hita og útbreiðslu yfirborðsjarðhita, söfnun bergsýna af yfirborði hrauns og móbergs til örverurannsókna, söfnun loftskýna vegna örverurannsókna, söfnun gufusýna og sýna af hugsanlegum örveruþekjum og nákvæmum mælingum fastpunkta og tengingu við landshnitakerfi Íslands. Einn þáttur rannsóknarinnar er drónaflug yfir alla eyjuna. Flugáætlun gerir ráð fyrir að flogið sé í 100-200 metra hæð yfir landslaginu, svo truflun af völdum drónans sé í lágmarki. Áætlaður flugtími er 15-20 mín. Notaður verður EbeeX dróni sem er 1.4 kg og 116 cm á lengd. Við klettana verður hins vegar notaður DJI Mavic dróni sem er 430 g og 213 cm á lengd. Rannsóknirnar fara fram dagana 18.-22. júlí 2019. Gert er ráð fyrir að hópurinn fari út í eyjuna með báti Björgunarfélags Vestmannaeyja síðdegis 18. júlí og komi til baka með þyrlu Landhelgisgæslunnar 22. júlí.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur leiðangurinn ekki líklegan til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Niðurstöður leiðangursins mun þvert á móti styrkja og viðhalda verndargildi Surtseyjar. Viðbúið er að viðvera manna í Surtsey hafi tímabundin truflunaráhrif á fuglalíf svæðisins. Einn þáttur rannsóknarinnar er drónaflug yfir alla eyjuna. Flugáætlun gerir þó ráð fyrir að flogið sé í 100-200 metra hæð yfir landslaginu, svo truflun af völdum drónans er í lágmarki. Vísindalegt mikilvægi drónaflugs vegur upp á móti þeirri truflun við lífríki sem gæti hlotist af. Ráðgert er að safna um 5 kg af hraungrýti til rannsóknar og er það óverulegt magn sem veldur litlu sem engu raski.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir jarðfræðiferð til Surtseyjar sbr. lýsingu hér að ofan 18.-22. júlí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Fararleyfið gildir eingöngu fyrir eftirtalda aðila:
  - Kristján Jónasson, Náttúrufræðistofnun Íslands, leiðangursstjóri, mælingar á yfirborðsjarðhita.
  - Velveth Perez, Náttúrufræðistofnun Íslands, mælingar á yfirborðsjarðhita.
  - Birgir Vilhelm Óskarsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, kortlagning með flygildi.
  - Barbara Irene Kleine, Jarðvísindastofnun Háskólans, söfnun vatnssýna í borholum.
  - Tobias B. Weisenberger, Ísor, hita- og þrýstingsmælingar í borholum.
  - Andreas Türke, Háskólanum í Bergen, endurheimt sýna úr borholu og nýjum komið fyrir.
  - Alexandra Klonowski, Matís, rannsóknir á örverum.
  - Pauline Vannier, Matís, rannsóknir á örverum.
  - Erla Jónsdóttir, Matís, rannsóknir á örverum.
  - Guðmundur Valsson, Landmælingar Íslands, mæling fastpunkta.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær brottför er til Surtseyjar með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutur og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins.
- Sýnataka í Surtsey er eingöngu fyrir þau verkefni sem talin er upp í verkefnislýsingu og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Drónaflug skal fara fram undir eftirliti starfsmanns Umhverfisstofnunar.

- Við flugtak og landingu dróna skal þess gætt að það sé gert á svæði þar sem það skapar ekki truflun fyrir dýralíf svæðisins.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í verndar- og stjórnunaráætlun Surtseyjar sem samþykkt var 2014 fer Umhverfisstofnun fram á að þeir vísindamenn og fjölmiðlamenn sem fá leyfi til að heimsækja Surtsey skili niðurstöðum sínum/lokaafurð (skýrslum, greinum og myndefni) án endurgjalds til Umhverfisstofnunar þar sem þær kunna að nýtast til fræðslu og kynningar á friðlandinu. Miða skal við að afhending niðurstaða/lokaafurðar eigi sér stað eigi síðar en ári eftir að ferð er farin. Ef um er að ræða árleg vöktunarverkefni eða rannsóknarverkefni sem stendur yfir í meira en eitt ár skal skila inn framvinduskýrslu árlega.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá fólk skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Með í för verður Daníel Freyr Jónsson, starfsmaður friðlandsins.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri



Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur